

Nd.

933. Frumvarp til laga

um sérstakar fyrningaráfskriftir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Pær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948 incl., má í stað venjulegra fyrningaráfskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því er þær eru tekna í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. janúar 1946 að telja: fiskiskip og önnur veiðiskip, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkis-sjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.

2. gr.

Þegar afskrift er í fyrsta sinn ákveðin samkvæmt 1. gr., skulu skattayfirvöld ákveða heildaráfskriftarupphæð hverrar eignar.

Nú gengur eign kaupum og sölum, og skal þá hinn síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hafði notið.

3. gr.

Ef lán hefur verið tekið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til kaupa á eign, sem afskrifuð er samkvæmt lögum þessum, er afskriftin því skilyrði bundin, að öll afskriftarupphæðin gangi til afborganar á láninu, enda hafi hlutaðeigandi tekjuafgang sem afskriftinni nemur.

4. gr.

Tap það, sem kann að orsakast af afskriftunum, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz því hefur verið náð upp.

Fyrir árslok 1947 skal ákveða með reglugerð, hver skuli vera fyrningaráhundradshluti þeirra eigna, sem afskrifaðar hafa verið samkvæmt lögum þessum, eftir að afskrift samkvæmt þeim hefur verið lokið.

5. gr.

Afskriftahækkanir samkvæmt lögum þessum skerða í engu rétt bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar á aðila þá, sem afskriftanna njóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.